**328. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 25. nóvember 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Bréf frá íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, dags. 15. september 2021, varðandi tilfærslu á fjármunum og aukafjárveitingu vegna launakostnaðar í sundlaug og íþróttahúsi.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða. Aukafjárveitingin verður tekin af liðnum Ófyrirséð.

2) **Umsókn frá Auði Hilmarsdóttir, dags. 12. nóvember 2021, að fá að halda hundinn Fífí Dúfa.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

3) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 18. nóvember 2021, varðandi heimild til að taka þátt í hlutafélaginu Snældu.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að taka þátt í hlutafélaginu Snældu.

4) **Bréf frá Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur, dags. 10. nóvember 2021, varðandi endurnýjun á Earth Check platinumvottun Snæfellsness.**
Lagt fram til kynningar.

5) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 1. nóvember 2021, varðandi ósk um aukið stöðugildi vegna stuðnings við barn. Trúnaðarmál.**
Erindið var lagt fram á fundinum.
Bæjarráð samþykkti sammála að fela bæjarstjóra og bæjarritara að skoða málið betur og fresta afgreiðslunni þar til sú skoðun er búin.
Fært í trúnaðarmálabók.

6) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar, 2023-2025.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2023-2025, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bæjarstjórn.

7) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

8) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að gjaldskrám Snæfellsbæjar fyrir árið 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

9) **Styrkúthlutanir og styrkbeiðnir fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að styrkveitingum fyrir árið 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

10) **Framkvæmdaáætlun og beiðnir stofnana fyrir árið 2022.**
Bæjarráð staðfesti tillögu að fjárfestingum Snæfellsbæjar á árinu 2022 og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til seinni umræðu í bæjarstjórn.

**11) Minnispunktar bæjarstjóra.**

a) Bæjarstjóri fór yfir vinnu við Brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar.
b) Bæjarstjóri gerði bæjarráði grein fyrir stöðu mála vegna covid smits í Snæfellsbæ.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:38**

Júníana Björg Óttarsdóttir

~~Auður Kjartansdóttir~~

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari